

Greinargerð með tillögunni um átta liða keppni

Lagt er til að breytt verði til baka úr tíu liða keppni í átta liða keppni.

Almennt áhugaleysi hjá mörgum félögum að tefla á fimmtudagskvöldi. Mjög strembið að tefla þennan fjölda skáka fyrir marga. Gerir flóknara að fara með deildina út á land. Eykur kostnað að hafa 10 umferðir. Aldrei meira ójafnvægi í deildinni milli bestu og slökustu liða, og mun verða áfram. Fjöldi viðureigna sem enda 7-1 eða þaðan af meira gera deildina ótrúverðuga. Enginn ávinningur, líkur á áföngum litlir og alltof miklu til kostað.

Svo koma ýmsar smávægilegar breytingar:

Efsta deild heiti Úrvalsdeild

Okkur finnst það við hæfi að efsta deildin fái nafnið Úrvalsdeild.

Ekki verði settar hömlur á þátttöku útlendinga sem eru stigalægri en 2300 FIDE stig.

Okkur finnst engin ástæða til að takmarka stigalægri útlendinga. Þeir eru ekki að fara að vinna keppnina fyrir neitt lið og þeir krydda einungis keppnina og þetta allar deildir.

Samræming í orðalagi, þannig að talað sé um lið félags sem er allur keppendalisti þess, en hins vegar talað um sveitir þegar fjallað er um keppniseiningar félagsins.

Sjálfsgagt að laga þetta.

19. og 20. greinum breytt til að gera þær skýrari og betri.

Farið úr því að tala um 20 dögum fyrir "síðari hluta" þegar kemur að félagaskiptum eftir að keppni hefst, í að einfaldlega tala um að skákmaður verði löglegur með liði 20 dögum eftir félagaskipti.

Málgreinin um fjölda útlendinga er færð úr grein 20 í 19. Hún á betur heima þar. Ný málgrein sem kveður á um að skila inn nýjum styrkleikaröðuðum lista ef félag fær liðstyrk á miðju tímabili.

Ný grein nr 21 sem tekur á því þegar lið sameinast eða sundrast. Núverandi 22.-23.grein færast aftur um eina.

Nauðsynlegt að setja inn lagagrein um þetta í ljósi undangenginna sameininga á síðustu stundu. Einnig verðum við að gera ráð fyrir því að lið sem hefur sameinast sundrist aftur.

Ákvæðið um svæðasamböndin fært í þessa nýju grein úr grein 17.

23.grein – gamla 22.grein:

Lagfærður ruglingur á milli mótstjórnar og mótsnefndar.

Gerðar breytingar á Reglugerðinni um Íslandsmót skákfélaga til samræmis við ný skáklög og átta liða keppni.

Víða breytt þar sem talað var um lið í að tala um sveitir.

Lagt er til að breytingarnar taki að fullu gildi á þarnæsta tímabili.

Þó er lagt til að heiti efstu deildar breytist strax í Úrvalsdeild og lagt er til að tíu liða keppnin næsta vetur verði tefld á þrem helgum. Þrjá umferðir í haust, þrjá helgina fyrir Reykjavíkurmótið og síðustu þrjár helgina eftir Reykjavíkurskákamótið.